



Á næstu vinnufundum á Þjóðarbókhöðunni sögðu sjúklingarnir frá liðnum atburðum og tóku nemendurnir upp blýantana sína og drógu upp söguþráðinn með teikningum sínum í kringum Fjallið, Samgöngur og 17. júní hátíðarhöldin. Markmiðið var að ná fram kjarna frásagnarinnar þannig að skjólstæðingurinn samsemi sig við hana. Pappír teiknarans hafði það hlutverk að styðja skjólstæðinginn við að tjá upplifun sína og endurseja reynslu sína.

Á síðasta fundinum á Þjóðarbókhöðunni, þar sem sjúklingarnir voru nú í hlutverki Þórarins sem sögumenn, sagði hver og einn frá minningum sínum í návist Þórarins Eldjárns með aðstoð teikninganna, fullviss um að „já, þetta var svona!“

Frekari upplýsingar:

<http://frasagnirminninganna.blogspot.com.es> og

<http://artandcultureastherapy.blogspot.com.es>

Opnun sýningarinnar og kynning á bókinni Frásagnir minninganna með Þórnari Eldjárni: 19. september 2013, kl. 15:00 – 17:00. Sýning opin 19. september til 3. október.

Opnunartími: mánud. - fimmtud. 8:15-22:00; föstudaga 8:15-19:00;

laugardaga 10:00-17:00; sunnudaga 11:00-17:00.



Lionsklúbbur Reykjavíkur

STOFNADUR 1951



September 2013

Texti: Halldóra Arnardóttir. Ljósmyndir: Bjarni Einarsson og Örn Ingi.

Frá sagnir minning anna”

**LISTIR OG MENNING
SEM MEÐFERÐ
VIÐ ALZHEIMERS
SJÚKDÓMNUM
MEÐ ÞÓRARNI ELDJÁRN**



Sýningin „Frásagnir minninganna með Þórarni Eldjárn“ gefur yfirlit yfir afrakstur fyrstu smiðjunnar á Íslandi innan verkefnisins Listir og menning sem meðferð við Alzheimers sjúkdómnum. Sú rannsókn beinist að meðferð við Alzheimers sjúkdómnum án lyfja og er upprunnin frá Minnismóttöku Virgen de la Arrixaca sjúkrahússins í Murcia á Spáni.



Listir og menning sem meðferð við Alzheimers sjúkdómnum: „Frásagnir minninganna með Þórarni Eldjárn“ var skipulögð af Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimers sjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS) og Minnismóttöku Landakots. Smiðjan átti sér stað á sal Landsbókasafnsins og naut samstarfs hins virta rithöfundar Þórarins Eldjárns og 14 nemenda úr teiknadeild Myndlistarskólans í Reykjavík. Hún stóð yfir í tvær vikur: 6 vinnutíma, 90 mín. hver.



Meðal markmiða þessa samstarfs var að opna umræðuna um Alzheimers sjúkdóminn og athuga hvernig frásagnir minninganna gætu sameinast vísindalegum rannsóknum og eigindlegu mati á Alzheimers sjúkdómnum sem og gert mat á mikilvægi tilfinningakerfis manneskjunnar sem þjáist af sjúkdómnum.



Þann 19. ágúst 2011 voru sjö Alzheimers sjúklingum frá Minnismóttöku Landakots boðið á Þjóðarbókhöðuna ásamt fjölskyldum þeirra. Á þessum fyrsta fundi smiðjunnar var hlustað á smásöguna, „Hvaðefsaga“, eftir Þórarinn Eldjárn. Höfundur sögunnar las hana af mikilli innlifun og tók hlustendur á flug um staði náttúrunnar og tengls mannsins við hana. Í lok upplestrarins tóku þátttakendurnir upp þráðinn og héldu samræðunum áfram um tengsl þeirra við hin ýmsu fjöll. Vonast var til að smásagan myndi vekja upp minningar um liðna atburði.